



**AXEL PÉTUR AXELSSON**  
**F O R S E T A F R A M B O D**

20. maí 2020.

**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS**

Dómhúsinu við Arnhól  
101 Reykjavík

**K A E R A**

Hér með kæri ég Axel Pétur Axelsson forseta frambjóðandi aðdraganda og framkvæmd forsetakosninga 2020 sem eru farnar að minna um margt á aðstæður í New York þegar William T. Tweed (f. 3. apríl 1823 - d. 12. apríl 1878) hafði náð undirtökum á öllu lýðræðislegum ferli sem hann misnotaði miskunarlaust til að varna öðrum aðgang að valdastöðum og til að auðgast persónulega.

**1. Kafli - Ríkisútværpið ohf. (hér eftir nefnt RÚV)**

**Málsatvik:** Í aðdraganda forsetakosninga 2020 sinnti RÚV ekki lýðræðislegum skyldum sínum með tömlæti og fullkominni bannfæring um skoðanir mínar, stefnur, upplýsingar og ályktanir sem eru grunnur að forsetaframboði mínu.

Samningur mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútværpsins ohf. í 2.2 gr. segir m.a. að RÚV eigið að gefa landsmönnum upplýsingar án þess að draga taum hagsmunahópa eða ákveðinna sjónarmiða og með því gefa fólk kost á að móta sínar skoðanir og draga ályktanir. Í mínu tilfelli núna við Forsetakosningar 2020 er hrópandi brot RÚV á þessu ákvæði samningsins. RÚV bannfærir miskunarlaust skoðanir sem ekki henta þeirra sértrúarsöfnuði og allar skoðanir sem stangast á við þá trú eru umsvifalaust bannfærðar sem er í raun mjög alvarlegt brot á lýðræðinu.

3 gr. 2. málsgrein 1. tölulið segir RÚV skyldugt til að hafa í heiðri frelsi til orðs og skoðana sem þýðir væntanlega að RÚV getur ekki stundað ritskoðun á orðum eða skoðunum heldur eiga hlustendur að meta það sjálfir. Ég get ekki séð hvernig bannfæring RÚV á mér og mínum skoðunum uppfyllir þetta ákvæði

3 gr. 2. málsgrein 7. tölulið er fjallar um kynningu á framboðum og virðist sem RÚV sé einungis tilbúið að kynna fólk sem er í sama sértrúarsöfnuði. T.d. birtist þessar greinar hjá RÚV við samskonar blaðamannafund og ég boðaði til sem enginnmætti á eða fjallaði um: <https://www.ruv.is/frett/halla-buin-ad-taka-akvordun-um-frambod/> / <https://www.ruv.is/frett/forsetaframbjodendur-halda-otraudir-afram>. Að fjalla við suma en ekki aðra við upphaf framboðsferils til Forseta Íslands er óafsakanlegt brot á lýðræði og útskýrir hvers vegna sömu lýðæðisræningjarnir sitja alltaf við stjórnvölinn. Þetta fyrirbæri heitir lýgræði og á ekkert skylt við lýðræði.

Þáttur RÚV er enn mikilvægari í samkomubanni vegna covid-19 og styður við force major kröfu mína.

**Kröfur:** Ég krefst þess að fyrsta stig kosninga sem er söfnun meðmælalista verði dæmt ógilt og ferlið endurtekið þar sem allir frambjóðendur fá að kynna sig, skoðanir sínar og veita upplýsingar um framboð sitt. Þessi lýðræðisbrot RÚV eru enn alvarlegri í því neyðarástandi sem skapast hefur vegna covid-19 þar sem ferðafrelsi hefur verið rofið og eina leiðin fyrir mig að tala við kjósendar er í gegnum fjölmíðla. Jafnframt geri ég kröfu um að RÚV ásamt brotlegum starfsmönnum verði refsáð fyrir lýðræðisspjöll.

## 2. Kafli - Einkareknir fjölmíðlar (hér eftir kallað fjölmíðlar).

**Málsatvik:** Fjölmíðlar stunduðu áróður sem stór skaðaði lýðræðislega framkvæmd forsetakosninga 2020 og framboð mitt.

Með því að reka áróður um að ekki væri vænlegt að fara í lýðræðislegar kosningar vegna kostnaðar hafði neikvæð áhrif á marga kjósendar og framboð mitt. Ef ekki eru til fjármunir til að halda lýðræðislegar kosningar, kynningu á hugmyndum og stefnum frambjóðenda þá er réttast að leggja lýðveldi Íslands niður og lýsa það gjaldþrota.

Þessi áróður var sérstaklega skaðlegur fyrir minna þekkta frambjóðendur og í því neyðarástandi sem skapast hefur vegna covid-19.

Jafnframt ber að benda á það að ráðherrar valdstjórnarinnar voru að veifa hugsanlegum marghundruð milljóna styrkjum til fjölmíðla sem ég fullyrði að séu mútur til að aðstoða við þöggun framboða til forseta 2020.



**Kröfur:** Ég krefst þess að fyrsta stig kosninga sem er söfnun meðmælalista verði dæmt ógilt og ferlið endurtekið þar sem allir frambjóðendur fá að kynna sig, skoðanir sínar og veita upplýsingar um framboð sitt. Jafnframt geri ég kröfu um að fjölmiðlar ásamt brotlegum starfsmönnum verði refsáð fyrir lýðræðisspjöll.

### 3. Kafli - Rafræn söfnun meðmæla.

**Málsatvik:** Ég hafði gert áætlun um að safna undirskriftum með hefðbundum hætti en það var ekki hægt vegna neyðarástands covid-19 aðstæðna en benda má t.d. á að Eiríkur Bergmann stjórnálfraðingur sagði opinberlega "...Það er ekki flókið fyrir bara mann sem er eljusamur að meðallagi að bjóða sig fram, " sem leiðir til að það hefði verið hægðarleikur fyrri mig að safna undirskriftum.

"Í greinagerð með lögum nr. 341/2020 segir: Ljóst er að í því ástandi sem nú ríkir í samfélaginu vegna COVID-19 og samkomubanns sem lýst hefur verið yfir verður erfitt um vik að safna meðmælendum með framboðum á hefðbundinn hátt." styður mál mitt um aðstæður fyrir mig til að safna meðmælendum á hefðbundinn hátt.

Vegna covid-19 samkomubanns hafði ég ekki annað val en að nýta mér rafræna söfnun meðmælenda skv. Lögum nr. 341/2020 þar sem kveðið er á um í greinagerð: "Markmið þessa ákvæðis er að tryggja að réttur einstaklinga til að mæla með einstaklingi í framboð skerðist ekki í því ástandi sem nú ríkir. Sú athöfn að mæla með einstaklingi í framboð til forseta Íslands er hluti af réttindum einstaklinga til lýðræðislegrar þátttöku sem þarf að vera eins auðveld og hægt er."

Nú hefur það verið íþyngjandi að nota lykla island.is fyrir marga stuðningsaðila mína og alveg lokað fyrir þá sem staddir eru erlendis. Jafnframt er torveldur aðgangur að undirskrift á vefsíðu og frekar flókið að skrifa undir. Þessi aðferð er alls ekki í anda laga 341/2020 og örstutta umræðu sem fór fram á Alþingi þar sem talað var um að þessar undirskrfir væru með mjög litlar kröfur um skilríki og væri í raun bara svipað og handaband.

Umboðsmaður Alþingis tók þetta fyrir í máli 10502/2020 þar sem svör dómsmálaráðuneytis (hér eftir kallað dmr) voru á þessa leið: "Í svari ráðuneytisins til umboðsmanns vegna málsins kom fram að nauðsynlegt væri að krefjast hæsta öryggisstigs við veitingu meðmælanna. Rafræn undirritun með rafrænu skilríki væri eina aðferðin sem gæti talist sambærileg eiginhandarundirritun og hefði lagalegt gildi." Á þessu svari dmr má sjá að um allt aðrar áherslur er að ræða en lög, greinagerðin og umræður þingmanna um löginn gáfu til kynna. Dmr er í raun að tala um kröfur sem mætti hugsa sér við fasteigna viðskipti eða meiriháttar skuldbindingar en ekki meðmæli forsetaefnis til að fara fram í forsetakosningum.

**Kröfur:** Enginn raunhæfur vegur er fyrir mig að aðlagast svona miklum breytingum á aðstæðum á svona stuttum tíma. Þetta eru í raun **force majeure** aðstæður og því er sjálfsögð krafa að fallið verði frá öllum kröfu um undirskriftir meðmælenda minna í Forsetakosningum 2020. Þessi krafa væri óþörf ef ég hefði ekki vindinn nú þegar í fangið þar sem valdstjórnin hamlar með öllum ráðum að ég geti kynnt mig, stefnur mínar eða átt samtal við þá sem hugsanlega vildu skrifa á meðmælalista eða kjósa mig.


#### 4. Kafli - Heildaráhrif.

**Málsatvik:** Þegar kafli 1-3 í þessar kærur eru dregnir saman þá eru hér á ferðinni mikil lýðræðisspjöll af hálfu lýðræðisræningja sem stunda einhvernskonar blöndu af lýgveldi og löggregluríki. Núna er er t.d. Engin sönnun til fyrir tilvist covid-19 vírusins og hann ekki einu sinni verið einangraður með vísindalegum hætti. Í því samhengi má velta fyrir sér hver er grunnur samkomubanns og hverjir eru í raun ábyrgir fyrir þeim framkvæmdum og ekki auðvelt að sjá hvort er um að ræða heilbrigðisaðgerð eða lögregluáðgerð. Fyrir mér lítur þetta út eins og valdarán hins svokallaða djúpa ríkis sem er embættismanna kerfið runnið saman við einkafyrirtæki og með óheilbrigðum tengingum við alþjóðlega sjóði og stofnanir. Þegar svona ástand myndast þá er öllum brögðum beitt til að varna eðlilegum framgangi kjörinna fulltrúa almennings.

**Kröfur:** Opinber rannsókn á ástandi lýðveldis Íslands og hvort það sé í raun fallið. Jafnframt geri ég kröfu um að lögð verði fram sönnun fyrir tilvist covid-19 sem réttlætt hefur samkomubann sem orsakað hefur þessar óþolandir aðstæður á Íslandi.

Þessi kæra er send rafrænt og birt opinberlega jafnframt send með ábyrgðarpósti til hæstaréttar. Vegna tafa á pósthjónustu er til þess mælst að kæran verði ekki tafin meðan beðið er eftir pósti sem gengur hægt í því ástandi sem nú ríkir og Alþingi hefur í raun viðurkennt með setningu laga nr. 341/2020.

Með kveðju,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Axel Ólafsson". It is written in a cursive style with some variations in letter height and thickness.